# Umsókn um greiðslufrest lána

LSR

## 1 Upplýsingar um skuldara

Nafn skuldara A ______________________ Kt. ______________

Nafn skuldara B ______________________ Kt. ______________

Heimili ______________________

Staður ______________________ Póstnúmer ______________

Netfang ______________________

Sími/Gsm ______________________

## 2 Upplýsingar um skuldabréf

Á *Mínum síðum* undir *Lán* er hægt að nálgast upplýsingar um númer skuldabréfs og fleira.

| | Númer skuldabréfs | Upphafleg lánsfjárhæð | Útgáfudagur skuldabréfs |
|---|---|---|---|
| 1 | | | |
| 2 | | | |
| 3 | | | |
| 4 | | | |

## 3 Sótt um frestun gjalddaga

☐ **Fresta gjalddaga að öllu leyti, þ.e. frestun greiðslna á afborgunum höfuðstóls, vöxtum og verðbótum**

Hérna er allur gjalddaginn tekinn og dreift á framtíðargreiðsluflæði þannig að ekkert komi til greiðslu á gjalddaga. Heildarhöfuðstóll lánsins hækkar sem því nemur.

tími 1-12 ______________ mán.

☐ **Fresta gjalddaga að hluta, þ.e. frestun greiðsla á afborgunum höfuðstóls (borga aðeins vexti og verðbætur á vexti)**

Hérna er afborgun af höfuðstól á gjalddaga tekin og dreifð á framtíðargreiðsluflæði þannig að aðeins séu greiddir vextir/verðbætur á vexti á gjalddaga.

tími 1-12 ______________ mán.

## 4 Ástæða umsóknar

Ástæða umsóknar eru greiðsluerfiðleikar lántaka. Með greiðsluerfiðleikum er átt við tilvik þar sem lántaki getur ekki staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar eða fyrirséð er að hann muni ekki geta staðið við þær vegna breytinga á aðstæðum hans, svo sem vegna örorku, veikinda, atvinnumissis eða andláts maka sbr. skilgreiningu í lögum um fasteignalán til neytenda.

## 5 Samþykki fyrir öflun og notkun fjárhagslegra upplýsinga og lánshæfismats

Ég hef lesið og samþykki eftirfarandi:

Ég undirritaður/undirrituð/við undirrituð veitum Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, kt. 711297-3919, f.h. Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, A-deildar, kt. 550197-3409, B-deildar, kt. 430269-6669, fullt og ótakmarkað umboð til að kalla eftir upplýsingum um stöðu allra útlána og annarra fjárskuldbindinga sem ég/við nú stend/stöndum við fjármálastofnanir og opinbera aðila, hvort sem um er að ræða banka, sparisjóði, lífeyrissjóði, skattyfirvöld, Íbúðalánasjóð eða aðrar fjármálastofnanir eða opinberar stofnanir, ásamt öllum öðrum gögnum tengdum þeim fjárskuldbindingum og skyldum mínum/okkar, þ.m.t. hvort þau séu í vanskilum eða komin í innheimtu hjá þriðja aðila. Umboðið veitir jafnframt heimild til að kalla eftir upplýsingum frá kröfuhöfum sem eru þátttakendur í Skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf. eða annars aðila sem hefur heimild til slíkrar gagnaöflunar og skilar yfirliti sem m.a. inniheldur upplýsingar um fjárskuldbindingar mínar, þ.m.t. hvort það séu vanskil.

Umboð þetta veitir Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins einnig heimild til að sækja upplýsingar um lánshæfismat mitt/okkar til Creditinfo Lánstrausts hf. áður en ákvörðun er tekin um lánafyrirgreiðslu. Lánshæfismatið spáir fyrir um líkur á alvarlegum vanskilum í framtíðinni og byggir á upplýsingum sem Creditinfo safnar og/eða miðlar, s.s. upplýsingum í vanskilaskrá (þ.m.t. uppflettingum), hlutafélagaskrá, skattskrá o.fl. Lánshæfismatið byggir á samkeyrslu gagna og getur innihaldið sögulegar upplýsingar, s.s. um stöðu vanskila og lánshæfismats.

Einnig veitir umboðið Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins heimild til að sækja upplýsingar um eignastöðu mína, þ.e. fasteigna- og ökutækjaeign, í gagnagrunna Þjóðskrár Íslands og Samgöngustofu (Umferðarstofa) eða þess aðila sem á hverjum tíma telst ábyrgðaraðili umræddra upplýsinga skv. 4. tl. 1. mgr. 2. gr. nr. 77/2000. Þá er sjóðnum heimilt að afla annarra gagna sem nauðsynleg kunna að vera til framkvæmdar greiðslumats og ekki liggja þegar fyrir.

Ég undirritaður/undirrituð samþykki og heimila að framangreindar upplýsingar verði nýttar og sóttar í tengslum við ákvörðunartöku um lánsviðskipti, sem og við eftirlit í tengslum við slík viðskipti enda hafi Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins lögvarða hagsmuni af notkun umræddra upplýsinga skv. 8. gr. laga nr. 77/2000.

Heimilt er að afturkalla samþykki þetta og skal slík afturköllun taka gildi 30 dögum eftir að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefur sannanlega móttekið slíka afturköllun. Þá fellur samþykki þetta úr gildi þegar lánsviðskiptum aðila lýkur. Fram til þess tíma hefur Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins heimild til að sækja og nota þær upplýsingar sem samþykki þetta tekur til að fullnægðum þeim skilyrðum sem fram koma í samþykkisyfirlýsingu þessari.

Dagsetning undirskriftar

Undirskrift skuldara A

Undirskrift skuldara B